

AUGLÝSING

um verðstöðvun.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimildir þær, sem henni eru veittar í 1. og 3. gr. laga nr. 86 frá 23. desember 1966, um heimild til verðstöðvunar.

Forsætisráðuneytið, 23. desember 1966.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 293.

AUGLÝSING

frá vörumerkjaskráritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skrásett árið 1966.

Skrás. 1966, nr. 1. Tilkynnt 22. jan. 1966, kl. 11.00 árdegis, af Westinghouse Electric Corporation, iðjurekstur og verzlun, Pittsburgh 35, Pennsylvania, Bandaríkjunum, og skrásett 28. febr. 1966.

Orðið: **L A U N D R O M A T**

Samkvæmt tilkynningu 25. jan. 1947 er merkið skrásett í Washington D. C. 14. okt. 1947, í 24. flokki, fyrir rafmagnsþvottavélar.

Skrás. 1966, nr. 2. Tilkynnt 10. jan. 1966, kl. 15.00, af Schering Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Müllerstrasse 170—172, Berlín 65, Þýzkalandi, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

Novageron

Samkvæmt tilkynningu 10. jan. 1958 er merkið skrásett í Berlín 23. marz 1964, í 2. flokki, fyrir: lyf, efnavörur til lækninga og heilsuverndar, lyfjaefnavörur, plástra, sáraumbúðir, gerilsneyðingar- og rotvarnarefni (sótthreinsunarefni), efni til að halda matvælum ferskum og geymsluþolnum.

Skrás. 1966, nr. 3. Tilkynnt 10. jan. 1966, kl. 15.00, af sama, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

Ultraproct

Samkvæmt tilkynningu 18. sept. 1964 er merkið skrásett í Berlín 9. júlí 1965 í 2. flokki fyrir: lyf, efnavörur til lækninga og heilsuverndar, plástra, sáraumbúðir, dýra- og jurtaeitur, gerilsneyðingar- og rotvarnarefni (sótthreinsunarefni), efni til að halda matvælum ferskum og geymsluþolnum.